

**Sextugasti og fjórði fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 23. nóvember 2021 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Hann var auk þess í fjarfundi. Fundurinn hófst kl: 17:00.**

**Mættir:** Örvar Þór Guðmundsson, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir, Magnús Rúnar Dalberg, Sara Hafbergsdóttir, Marianna Helgadóttir og Árni Davíðsson, sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Umsóknir um starfsleyfi og önnur leyfi.**

- a) Ólafur B. Guðmundsson f.h. Blikastaðakróar ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis vegna skipti á rekstraraðila að Blik Bistró & Grill, veitingastaður Æðarhöfða 36 í Mosfellsbæ, golfskálanum við Hlíðarvöll. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli þann 6. september 2021.  
*„Staðfest.“*
- b) Seltjarnarnesbær sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Ungbarnaleikskóla Seltjarnarness, í húsnæði gamla Mýrarhúsaskóla við Nesveg. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri ungbarnaleikskóla samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 29. september 2021.  
*„Staðfest.“*
- c) Seltjarnarnesbær sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir Fræðasetur í Gróttu. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir litlum gististað samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 5. október 2021.  
*„Staðfest.“*
- d) Margrét Dögg Halldórsdóttir f.h. Hestamannafélagsins Harðar sækir um starfsleyfi fyrir reiðhöll á Varmárbökkum í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri reiðhalla samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1. október 2021.  
*„Staðfest.“*
- e) Hilmar Örn Hafsteinsson f.h. Matta ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Rauða ljónið, veitingastað Eiðistorgi 15, Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli þann 5. október 2021.  
*„Staðfest.“*
- f) Eiríkur Ásmundsson f.h. PetMark ehf. sækir um nýtt starfsleyfis fyrir heildverslun með sælгети að Völuteigi 6 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi fyrir litla heildverslun samkvæmt lögum um matvæli þann 2. nóvember sl.  
*„Staðfest.“*
- g) Katrín Sif Jónsdóttir f.h. Sprey ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir hársnyrtistofu, Háholti 13-15, Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri á hárgreiðslu- og snyrtistofu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 1.

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- nóvember sl.  
„*Staðfest.*“
- h) Katrín Ásta Stefánsdóttir f.h. Hagkaupa sækir um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu samkvæmt tóbaksvarnarlögum, að Eiðistorgi 11, Seltjarnarnesi. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi til 4 ára samkvæmt tóbaksvarnarlögum þann 1. nóvember sl.  
„*Staðfest.*“
- i) Oddný S. Magnúsdóttir f.h. Lágafellssóknar sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til 12 ára fyrir rekstri á litlum samkomusal samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 3. nóvember sl.  
„*Staðfest.*“
- j) Gunnar Hrafn Gunnarsson f.h. Mosfellsbæjar sækir um tímabundið starfsleyfi fyrir borun vinnsluholu fyrir vatnsveitu Mosfellsbæjar í Hádegisholti í Mosfellsdal. Umsóknin var auglýst í 4 vikur. Engar athugasemdir komu á auglýsingatíma. Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið starfsleyfi sem gildir frá 20. desember 2021 til 20. desember 2022 samkvæmt lögum um um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með almennum og sértækum starfsleyfisskilyrðum.  
„*Staðfest.*“
- k) Ingimar Guðmundsson f.h. Veitna ohf. sækir um tímabundið starfsleyfi til að taka niður loftlínur og plægja háspennustreng í jörðu á grannsvæði og fjarsvæði vatnsverndar við Laxnesdý í Mosfellsdal. Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið starfsleyfi frá 15. október til 31. desember 2021 samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 12. október.  
„*Staðfest.*“
- l) Karl Magnús Kristjánsson f.h. Kjósarhrepps sækir um tímabundið starfsleyfi til tilraunaborana fyrir heitu vatni í Brynjudal og við Brynjudalsvog í Hvalfirði. Heilbrigðiseftirlitið gaf út tímabundið starfsleyfi frá 27. október til 30. nóvember 2021 samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 27. október.  
„*Staðfest.*“
- m) Brynjólfur Ómarsson f.h. Neta ehf. sækir um nýtt starfsleyfis fyrir heildverslun með matvæli að Klapparhlíð 22 í Mosfellsbæ. Heilbrigðiseftirlitið gaf út ótímabundið starfsleyfi fyrir litla heildverslun samkvæmt lögum um matvæli þann 17. nóvember sl.  
„*Staðfest.*“
- n) Leifur Guðjónsson f.h. VGH Mosfellsbæ ehf. sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur moldarvinnslu. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til tólf ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 17. nóvember.  
„*Staðfest.*“
- o) Sæþór Hallgrímsson f.h. Orkunnar ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir rekstur bensínstöðvar að Austurströnd 7 á Seltjarnarnesi. Stöðin var áður rekin af Skeljungu. Heilbrigðiseftirlitið gaf út starfsleyfi til tólf ára samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þann 17. nóvember.  
„*Staðfest.*“

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

### 2. Umsagnir um erindi stjórnvalds.

- a) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 10. júní 2021 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Kiðafell ehf., kt. 620101-3030, fyrir gististað í flokki III, tegund minna gistiheimili að Kiðafelli í Kjósarhreppi.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 30. ágúst 2021.  
„Staðfest.“
- b) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 27. september 2021 þar sem óskar var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Togt ehf, kt: 700710-0401, fyrir gististað í flokki II að Hraðastaðavegi 11, Mosfellsbæ, gestafjöldi alls 6.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 28. september 2021.  
„Staðfest.“
- c) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 11. október 2021 þar sem óskað var umsagnar um nýtt rekstrarleyfi fyrir Blikastaðakró ehf, kt. 460921-0820, fyrir veitingastað í flokki II, tegund veitingahús Blik Bistró & Grill, að Æðarhöfða 36, Mosfellsbæ.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 11. október 2021.  
„Staðfest.“
- d) Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 2. nóvember 2021 þar sem óskað var umsagnar um tímabundið áfengisleyfi vegna árshátíðar laugardaginn 13. nóvember, í húsnæði Sleggjunnar þjónustuverkstæðis ehf., Desjamýri 10, Mosfellsbæ. Umsækjandi er Hve Lausnir ehf. kt: 700620-1580.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 2. nóvember sl.  
„Staðfest.“
- e) Lagt fram erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsett 17. nóvember 2021 þar sem óskað var umsagnar um leyfi til flugeldasölu á Völuteig 23 og Háholti 9, Mosfellsbæ. Umsækjandi er björgunarsveitin Kyndill kt: 500377-0709.  
Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 17. nóvember sl.  
„Staðfest.“

### 3. Umsagnir um skipulag.

- a) Mosfellsbær sendi beiðni um umsögn um deiliskipulagsbreytingu fyrir Uglugötu 40-46, dagsett 28. október. Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 4. nóvember lögð fram.
- b) Kjósarhreppur sendi beiðni um umsögn um verkefnislýsingu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags fyrir svæði 18a í landi Valdastaða, dagsett 4. nóvember. Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 18. nóvember lögð fram.
- c) Kjósarhreppur sendi beiðni um umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags á landi Hvítaness í Kjósarhreppi., dagsett 4. nóvember. Umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 18. nóvember lögð fram.

### 4. Önnur mál.

- a) Lögð fram niðurstaða rannsóknar á olíuefnum í yfirborðsvatni eftir bílveltu við Púfu í Kjós.
- b) Lögð fram reglugerð nr. 1110/2021 um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði.

- c) Lögð fram samþykkt um heilbrigðiseftirlit Vesturlands þar sem Kjósarhreppur er eitt af 11 sveitarfélögum á Vesturlandi sem stendur að samþykktinni. Hreppsnefnd Kjósarhrepps samþykkti drög að samþykkt á 234. fundi 2. júní 2021.
- d) Lögð fram fundargerð 100. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins frá 14. maí 2021. Þar var lagt fram bréf framkvæmdastjóra umhverfissviðs Mosfellsbæjar dags. 7. maí 2021 þar sem óskað er eftir framlengingu á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal til ársins 2024. Niðurstaða fundar var að svæðisskipulagsnefnd gerði ekki athugasemdir við framlengingu á frestun á gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal til ársins 2024.

Fundi var slitið kl. 18:30.